



Sálfræði (SÁLF2AA05)

Þessum áfanga er ætlað að kynna nemendum fræðigreinina sálfræði, eðli hennar, þróun og sögu. Farið verður stuttlega yfir sögulegan bakgrunn sálfræðinnar sem fræðigreinar, helstu sálfræðistefnur, kenningarmiði og frumkvöðla sálfræðinnar og grunnhugtök sálfræðinnar. Skoðaðar verða nokkrar af helstu rannsóknum félagssálfræðinnar og kenningar lífeðlislegu sálfræðinnar um helstu geðraskanir, kenningar um nám, minni og þroska og nútímasjónarmið í sálfræði.

Lesefni

Rafrænt efni frá kennara og önnur gögn eins og netmiðlar, myndir og fleira.

Námsmat

Símat sem byggir m.a. á hlutaprófi, fyrirlestri, tímaverkefnum og þátttöku og mæting nemenda í tímum en ætlast er til að nemendur séu virkir í tímum til dæmis í umræðum, hópavinnu, tíma-
verkefnum og öðru.

Próf 20%

Fyrirlestur og hugleiðing um fyrirlestra annarra 30%

Ástundun 50%: Mæting, þátttaka í tímum, skila á verkefnum í INNU, tímaverkefni og fleira.

Mikilvægt er að nemendur lesi vel það sem er lagt fyrir hverju sinni. Nemendur skila hugleiðingum, spurningum eða öðru samkvæmt fyrimælum. Nemendur vinna einnig saman í tímum og skila verkefnum í lok tíma. Mikilvægt er að vinna jafnt og þétt yfir veturinn og skila verkefnum á INNU, vinna nemenda í tímum og mæting fer í ástundunareinkunn. Það er mikilvægt að skila verkefnum innan tímaramma og ekki hægt að vinna upp verkefni og skila seinna. Verkefnum á alltaf að skila í INNU og ekki hægt að skila verkefnum með því að senda tölvupóst.

Helstu markmið áfanga

- Þróun fræðigreinarinnar sálfræði
- Grundvallarhugmyndir sem móta kenningar sálfræðinnar
- Helstu frumkvöðlar sálfræðinnar
- Umfang sálfræðinnar og helstu undirgreinar
- Hagnýtt gildi sálfræði
- Hvernig sálfræðin útskýrir hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar
- Nemendur kynni sér viðfangsefni sálfræðinnar sem þeir hafa áhuga á að skoða betur og geti tjáð kunnáttu sína bæði munnlega og skriflega
- Nemendur kynnist jákvæðri sálfræði

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.